

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. desember 2010

Tilvísun: 2010111088PS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 7. desember 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (þskj. 380, 313. mál á 139. löggjafarþingi).

Þau ákvæði frumvarpsins, sem einkum varða vinnslu persónuupplýsinga, er að finna í annars vegar 10., 16., 20. og 28. gr. og hins vegar í 31. gr. Í fyrrnefndu ákvæðunum eru lagðar til breytingar á ákvæðum í lögum nr. 90/2003 (94. gr.), lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (38. gr.), lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda (25. gr.) og lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (15. gr.). Í þessum ákvæðum er m.a. að finna heimildir fyrir skattrannsóknarstjóra til aðgangs að gögnum varðandi rekstur og að starfsstöðvum skattskyldra aðila. Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við ákvæðin heimild til leitar og haldlagningar gagna á heimilum og í öðrum húsakynnum en þeim sem nú eru þar tilgreind. Tekið er fram að afla skuli dómsúrskurðar. Þá segir í athugasemdum við ákvæðin að um framkvæmdina fari eftir lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.


Samkvæmt 6. mgr. 103. gr. laga um tekjuskatt skal við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarskattstjóra gæta ákvæða laga um meðferð sakamála. Í lögum um virðisaukaskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er ekki að finna sams konar ákvæði. Túlka má framangreint ákvæði laga um tekjuskatt svo að það gildi einnig um rannsóknir samkvæmt síðarnefndu lagabálkunum. Hins vegar er æskilegt að tekinn sé af allur vafi þar að lútandi í löggjöf. Að því gefnu að í umrædda lagabálka verði fært ákvæði

sambærilegt við 6. mgr. 103. gr. gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við framangreind ákvæði frumvarpsins um leit og haldlagningu.

Í 31. gr. frumvarpsins er lagt til að við lög nr. 24/2010 um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri verði bætt nýrri grein, þ.e. 6. gr., um skyldu umsækjanda um niðurfellingu skatst til að leggja fram þau gögn sem tollstjóri fer fram á. Persónuvernd leggur til, með vísan til sjónarmiða um meðalhóf, að orðin „þeim gögnum“ í tillögu frumvarpsgreinarinnar að 1. mgr. 6. gr. laganna verði „nauðsynlegum gögnum“. Með vísan til sömu raka leggur Persónuvernd til að orðin „þau gögn“ í tillögu að 2. mgr. 6. gr. verði „nauðsynleg gögn“.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Þórður Sveinsson